

BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kvartanir sem kunna að hafa borist Strætó bs. frá notendum þjónustunnar - R19050011

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um allar kvartanir sem kunna að hafa borist Strætó bs frá notendum þjónustunnar og sem varða þjónustuna síðastliðin þrjú ár. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig Strætó BS hafi afgreitt kvartanir sem kunna að hafa borist. Óskað er upplýsinga um hversu langur tími að meðaltali hefur liðið frá því að kvörtun berst og þar til sá sem kvartar fær svar/afgreiðslu á máli sínu.